

rofalínudreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi skv. gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun 100 kr.
2. Ef fundin er við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 144 31. júlí 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. febrúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

26. febrúar 1966.

Nr. 48.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.

Fasteignaskatt í Staðarsveit skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1965.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.